

Fundur haldinn í umhverfisráði Hvolsskóla 6. október 2008

Á fundinn voru mætt : Selma fulltrúi 1. bekkjar, Gestur fulltrúi 2. bekkjar, Þórný fulltrúi 3. bekkjar, Björn fulltrúi 4. bekkjar, Daníel Anton fulltrúi 5. bekkjar, Leifur Andri fulltrúi 6. bekkjar, Ari fulltrúi 7. bekkjar, Heiðar Þór fulltrúi 8. bekkjar, Þorbergur fulltrúi 9. bekkjar, Azfar fulltrúi elsta stigs, Gyða fulltrúi yngsta stigs, Unnar Þór fulltrúi skólastjórnenda og Ragnheiður umsjónarmaður með grænfánaverkefninu.

Í byrjun fundar ræddu fulltrúar elsta stigs um mikilvægi þess að merkja enn frekar dalla undir flokkun sorps og gera flokkun sorps sýnilegri á veggjum skólans. Tóku þeir að sér að útbúa þær merkingar og koma þeim upp á næstu dögum.

Fram kom hugmynd frá miðstigsfulltrúum að koma upp í matsal dalli undir leirtau sem brotnar þar og safna því saman og koma því síðan í viðeigandi gám. Var vel tekið í þá hugmynd og ákveðið að koma þeim dalli fyrir sem fyrst.

Einnig kom fram hugmynd hjá miðstigsfulltrúum um að nemendur og starfsmenn Hvolsskóla tæki að sér að hreinsa drasl sem safnaðist saman í Ölduna við gámasvæðið. Var ákveðið að reyna að gera það að vissum viðburði í starfi skólans.

Fram kom hugmynd hjá elstastigsfulltrúum um að hugað yrði að því að versla grænmeti „beint frá bóndanum“ og koma þar með í veg fyrir að það yrði flutt um langan vel að með tilheyrandi mengun. Var skólastjórnenda falið að kanna möguleika á því.

Enn var rætt um ofnotkun á pappírspurrkum á salernum og ákveðið að ráðast í það að setja upp handklæði við alla vaska en láta bréfpurrkur vera áfram um stund. Var ályktað að það gæti sparað umtalsverða upphæð auk þess sem komið væri í veg fyrir pappírbruðlið sem viðgengist hefur.

Ragnheiður tilkynnti komu fulltrúa Landverndar í skólann miðvikudaginn 8. október og var ákveðið að fulltrúar í umhverfisráði á hverju stigi fyrir sig kynntu fyrir þeim það sem væri verið að gera á stigunum í átt til sjálfbærrar þróunar.

Jafnframt var sagt frá væntanlegum fundi fulltrúa með fólkinu frá Landvernd miðvikudaginn 8. október kl. 11:30.

Farið var í gegn um þróun starfsins í átt að Grænfána og hvað hefði tekist vel og hvað mætti bæta. Fundarmenn voru almennt sammála um að vel hefði tekist til og verið væri að gera mjög góða hluti í Hvolsskóla. Okkur hefði tekist að vekja athygli á starfi okkar og fengið jákvæð viðbrögð frá sveitarstjórn og umhverfinu almennt. Samstarfinu við Landgræðslu ríkisins var fagnað, með söfnun fræs og fræðslu, og einnig væntanlegu samstarfi við Skógrækt ríkisins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:15